

Auglýst er eftir umsóknum um aðgang að íslenska hluta NHPC (Nordic High Performance Computing)

Vísinda- og nýsköpunarsvið Háskóla Íslands tekur við umsóknum um tölvutíma á íslenska hluta tölvuklasa NHPC, sem nemur allt að 25% af reiknigetunni á ársgrundvelli.

Upplýsingar um tölvuklasann má finna hér: <http://nhpc.hi.is/>

Kerfisstjórn klasans er í sameiginlegri umsjón kerfisstjóra fjögurra norðurlanda. Á Íslandi sér Reiknistofnun Háskóla Íslands um kerfisstjórnina.

Umsóknaleiðir eru þrjár og miða þær við þörf notenda :

1. Lítil verkefni: Að hámarki 50.000 kjarna klst.

Hægt er að sækja beint um tölvutíma til Reiknistofnunar Háskóla Íslands hvenær sem er með því að senda póst til nhpc@hi.is. Einkum ætlað litlum verkefnum eða þeim sem vilja öðlast reynslu í HPC.

2. Miðlungs verkefni: Að hámarki 100.000 kjarna klst.

Hægt er að sækja um hvenær sem er til Vísinda- og nýsköpunarsvið Háskóla Íslands- NHPC tölvuklasi. (<http://www.sjodir.hi.is/rannsoknasjodir>)

3. Stór verkefni: Að lágmarki 100.000 kjarna klst.

Hægt er að sækja um á vefnum hér: (<http://www.sjodir.hi.is/rannsoknasjodir>)

Umsóknarfrestur er til 10. mars 2015

Umsóknarfrestur er auglýstur á um það bil 6 mánaða fresti en til allt að **eins árs í senn**.

Hverjir geta sótt um:

- Vísindamenn við íslenska háskóla og rannsóknastofnanir.
- Stofnanir/fyrirtæki eða verkefni sem eru fjármögnuð af hinu opinbera eða RANNÍS styrkjum.
- Þeir sem hafa áhuga á að sækja um og telja sig ekki uppfylla framangreind skilyrði eru hvattir til að hafa samband við Vísinda- og nýsköpunarsvið Háskóla Íslands.

Viðmið við úthlutanir:

- Frágangur umsóknar.
- Þörf verkefnis fyrir aðgang að háhraðatölvu.
- Nýir notendahópar og fagsvið fá aukið vægi.
- Að rökstuðningur fyrir aðgangi sé góður og í samræmi við áætlaða þörf.